

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps, nr. 905/2013,
með síðari breytingum.

1. gr.

B-liður 40. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Fulltrúar kjörnir til fjögurra ára í fastanefndir á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Skipulags- og umhverfisráð*: Sjö aðalmenn og fimm til vara, sbr. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
2. *Fjölskyldu-, frístunda- og menningarráð*: Sjö aðalmenn og fimm til vara, sbr. ákvæði 6. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og 3. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
3. *Yfirkjörstjórn*: Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. ákvæði IV. kafla kosningalaga nr. 112/2021.
4. *Fjallskilanefnd*: Sjö aðalmenn og fimm til vara, sbr. ákvæði laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. og fjallskilasamþykktar Mýrdalshrepps.
5. *Enskumælandi ráð*: Sjö aðalmenn og fimm til vara.
6. *Ungmennaráð*: Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara.
7. *Öldungaráð*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 21. júní 2022.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.